

## AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

### *Reitur 1.172.2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 18. desember 2014 breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.2 vegna lóðanna nr. 34A og 36 við Laugaveg og nr. 17 við Grettisgötu. Í breytingunni felst hækkan nýbygginga að hluta um eina hæð, minnkun á byggunarreit kjallara til suðurs og gert ráð fyrir garði í stað friðaðra húsa sem gert var ráð fyrir á lóðinni við Grettisgötu 17 en flutt verða annað.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Bryggjuhverfi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 18. desember 2014 breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóða við Tangabryggju og Naustabryggju. Í breytingunni felst m.a. breyting á byggingarreitum, bílastæðum, innkeyrslum o.fl.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

### *Friggjarbrunnur 51.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 9. janúar 2015 breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 51 við Friggjarbrunn. Í breytingunni felst hækkan húss um eina hæð og fjölgun bílastæða í kjallara.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 26. janúar 2015.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 9. febrúar 2015